



Borgarráð

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi innflutning á húsnæði fyrir heimilislausa.

Á fundi borgarráðs þann 19. júlí sl. lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram eftirfarandi fyrirspurn:

"Lagt er til að borgin skoði fyrir alvöru að flytja inn timburhús frá Eistlandi sambærileg þeim sem flutt voru inn á Bíldudal með að það markmiði að gefa þeim einstaklingum og fjölskyldum sem búið hafa við viðvarandi óstöðugleika í húsnæðismálum tækifæri til að eignast heimili."

Umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar:

Fjöldi aðila hefur verið í sambandi við Reykjavíkurborg og kynnt hugmyndir um áhugaverðar húsnæðislausnir. Á meðal hugmynda sem hafa verið til umræðu má nefna fjölbreyttara efnisval, nýjar fjármögnunarleiðir, smáhýsi, forsmíðuð einingahús og deilihúsnæði, en það eru t.d. íbúðarherbergi með sameiginlega aðstöðu.

Á liðnum vetri auglýsti borgin eftir hugmyndum til að auka framboð af hagkvæmu húsnæði fyrir meðal annars ungt fólk og fyrstu kaupendur. Í ferli er annar fasi verkefnisins og auglýsti Reykjavíkurborg eftir samstarfsaðilum um uppbyggingu á hagkvæmu húsnæði á völdum reitum í borginni. Þar á meðal er verið að kalla eftir nýjum byggingaraðferðum og hugmyndum sem geta lækkað byggingarkostnað húsnæðis. Reitirnir sem um ræðir voru í Úlfarsárdal, á Kjalarnesi, í Gufunesi, í Bryggjuhverfi við Elliðaárvog, við Stýrimannaskólann, á Veðurstofureit og í Skerjafirði. Skila átti inn hugmyndum fyrir 8. ágúst sl. og er verið að fara yfir hugmyndir. Niðurstöður verða kynntar síðar í borgarráði.

Umrædd húsnæði frá Eistlandi falla líklega að þessari hugmyndasamkeppni en ekki er búið að vinna úr hugmyndum þannig að ekki er ljóst hvort þær eru á meðal tillagna. Þar sem bygging íbúða fyrir Reykjavíkurborg hefur verið á hendi Félagsbústaða verður ábendingum um þennan möguleika komið til þeirra.

Óli Jón Hertervig

